



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom 18. maí 2021 kl. 19:30

Mætt: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Hauksson (HH), Baldvin Hansson (BH), Fylkir Jónsson (FJ), Arnar Már Pálmarsson (ARM), Einar Gunnlaugsson (EG)

Fjarverandi: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS)

HRR ritaði fundargerð.

1. Keppnisráð í Rallycross

Rætt um hlutverk fulltrúa AKÍS í keppnisráðum almennt. Þarf að setja saman gátlista af því hvað AKÍS vill frá þeim aðilum sem skipaðir eru í ráðin fyrir hönd AKÍS.

Aðalsteini falið að vinna drög að gátlista eða fyrirætlum fyrir fulltrúa stjórnar í keppnisráðum. Framkvæmdastjóri fylgir eftir.

2. Skýrsla Halldórs Jóhannssonar frá FIA drift fundi 7. maí 2021

Skýrsla lögð fram og kynnt fyrir stjórn AKÍS. Gott að hafa yfirsýn yfir þessi málefni.

3. Keppnisdagatal AKÍS

Keppnisdagatalið rætt, stefnir í að áætlun standist?

Drift keppni hjá KK sem átti að fara fram 1.maí var frestað til 17.júlí

Tímaat hjá KK sem átti að fara fram 12.maí var frestað til 18.ágúst

Vitað um beiðni um frestun drift keppni hjá AÍH sem átti að fara fram 22.maí nk.

Nánar í næsta dagskrárlíð.

4. Drift keppni næstu helgi hjá AÍH

Vöntun er á starfsfólki sem uppfyllir ákveðin skilyrði. Sótt var um frest á keppninni til 30.maí.

Samkvæmt reglum þá er of stuttur fyrirvari en óskað er eftir undanþágu.

Samþykkt, en bent á mikilvægi þess að setja skráningu upp sem fyrst.

5. Myndayfirlýsing

Yfirlýsing í tengslum við útgáfu skirteinis vegna myndatöku lögð fram og kynnt fyrir stjórn.

Yfirlýsingin er samþykkt og framkvæmdastjóra falið að framkvæma útgáfu leyfa.



6. Önnur mál

Búraskoðanir

Það er komið skjal er varða búrátttektir. Skortir einhverja vinnu en formaður heldur vel utan um beiðnirnar. Þarf upplýsa menn og konur um hverjir búraskoðunarmenn eru. Framkvæmdastjóri tekur boltann með formanni.

Brautarúttektir

Búið að fara í heimsókn á spyrnusvæði KK, áætlað að kíkja á spyrnusvæði BA á sunnudag 23.maí og eru skýrslur áætlaðar varðandi þau svæði í kjölfar til úttektar og umsagnar.

Önnur svæði á eftir að taka út, Framkvæmdastjóri vinnur ásamt formanni í að fá keppnisráð í hringakstri og rallycross til að vinna úttektir á brautum í þeim greinum.

Útlit og merkingar á keppnistækjum

Merkingar á keppnistæki þykja óviðeigandi, hvar liggja mörkin?
Skýrar reglur frá ÍSÍ, rætt að vera vakandi yfir þessum málaflokk

Tryggingamál

Halldór hefur rætt lítillega við lögfræðing sem er til í að kynna sér þessi mál, Halldóri var veitt umboð til að fá lögfræðing til að gera greiningu á tryggingamálum varðandi akstursípróttir. Samþykkt samhljóða.

Rafræn Skírteini

Staðan er sú að það eru listar sem formaðurinn er að vinna í og framkvæmdastjóri er að safna saman ljósmyndum.

Nýr framkvæmdastjóri

Rætt um að kynna þurfi betur nýjan framkvæmdastjóra og birta frétt um ráðninguna. Framkvæmdastjóri fer í það mál.

Næsti fundur 1.júní kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 21:27